

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 193/2015****2017/EES/3/19****frá 10. júlí 2015****um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2012/18/ESB frá 4. júlí 2012 um varnir gegn hættu á stórslysum af völdum hættulegra efna og um breytingu og niðurfellingu á tilskipun ráðsins 96/82/EB ⁽¹⁾.
- 2) Samkvæmt ákvæðum tilskipunar 2012/18/ESB fellur úr gildi tilskipun ráðsins 96/82/EB ⁽²⁾, en sú gerð hefur verið felld inn í EES-samninginn og ber því að fella hana úr EES-samningnum.
- 3) XX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Ákvæði XX. viðauka við EES-samninginn breytist sem hér segir:

1. Texti 23. liðar (fallinn brott) hljóði svo:

„– **32012 L 0018:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2012/18/ESB frá 4. júlí 2012 um varnir gegn hættu á stórslysum af völdum hættulegra efna og um breytingu og niðurfellingu á tilskipun ráðsins 96/82/EB (Stj. tíð. ESB L 197, 24.7.2012, bls. 1).“

2. Texti liðar 23a (tilskipun ráðsins 96/82/EB) falli brott.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2012/18/ESB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 11. júlí 2015, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 10. júlí 2015.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Atle Leikvoll

formaður.

⁽¹⁾ Stj. tíð. ESB L 197, 24.7.2012, bls. 1.

⁽²⁾ Stj. tíð. EB L 10, 14.1.1997, bls. 13.

^(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.